



**Viðtakandi:** Borgarráð

**Sendandi:** Skrifstofa sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviði

Reykjavík, 10. mars 2025

MSS24110186

## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Þann 28. nóvember 2024 lagði borgarráðsfulltrúi Flokks fólksins fram í borgarráði eftirfarandi fyrirspurn um leikskólalíkanið Snorra:

*Í breytingartillögu meirihlutans SBPC-7 sem taka á fyrir við seinni umræðu er lagt til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs verði hækkaðar um 1.737.000 þ.kr. vegna innleiðingar á nýju leikskólalíkani, Snorra. Í tillögunni er lögð til hækkun á framlagi upp á tæpa 2,2 milljarða til almennra leikskóla (1,7 milljarður) og til einkarekinna leikskóla (rúmar 400 milljónir). Hér eru ansi mikið aukin fjárútlát sem þarfnast frekari útfærslu. Hvað veldur? Er eitthvað nýtt í þessu líkani sem kallar á þessi auknu fjárútlát eða var fjárþörfin vanmetin í fyrri drögum að fjárhagsáætlun.*

Fjármála- og áhættustýringarsviði var falið að svara fyrirspurninni.

### **Svar:**

Undanfarin ár hefur rekstur borgarrekkinna leikskóla verið í talsverðum halla. Þannig nam hallinn árið 2023 um 2,4 ma.kr. eða 14,3%. Rekstrarumhverfi leikskólana hefur breyst mikið síðastliðin ár og ljóst var að eldra úthlutunarlíkan náði ekki nógu vel utan um þær forsendur sem liggja til grundvallar ákvörðunar á fjárheimildum. Eitt af meginmarkmiðum nýs líkans var að útfæra líkan með vel skilgreindum og skýrum forsendum sem bæði eru rekjanlegar og gagnsæjar. Vegna ytri aðstæðna tafðist að taka líkanið í notkun en það var engu síður haft til hliðsjónar rekstrarárið 2024. Sá samanburður gefur tilefni til að ætla að tillögur um viðbótarfjármagn inn í leikskólakerfið muni duga til að takast á við þá fjárþörf sem hefur komið fram sem halli í rekstri sl. ár. Stór hluti þeirra viðbótarfjárheimilda sem fylgja nýju líkani má rekja til atriða sem hafa verið í svokölluðum pottum hjá skóla- og frístundasviði t.d. vegna sérkennslu og afleysinga. Vísbendingar eru um að pottarnir hafi ekki fylgt verðlagi síðastliðin ár. Þá fylgja nýju líkani einnig viðbótarfjárheimildir vegna annars rekstrarkostnaðar en í fjárhagsáætlun árána 2019-2024 var einungis úthlutað verðbótum á annan rekstrarkostnað vegna samningsbundinna skuldbindinga.

Viðbótarfjárheimildir til skóla- og frístundasviðs vegna rekstrarframlaga til sjálfstætt rekkinna leikskóla taka mið af nýjum þjónustusamningi sem samþykktur var seint á síðasta ári. Í samningnum er kveðið á um að rekstrarframlagið taki mið af fjárheimildum



**Reykjavík**



borgarrekinnu leikskóla. Innleiðing á nýju leikskólalíkani hefur því afleidd áhrif á rekstrarframlög til sjálfstætt starfandi leikskóla.

Virðingarfyllst,

Haldóra Káradóttir  
*sviðstjóri fjármála- og áhættustýringarsvið*